

Fimmtudaginn 25. nóvember 1993.

Nr. 196/1993. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Ólafi Gunnari Sigurjónssyni

(Svala Thorlacius hrl.).

Eignaspjöll. Dýravernd. Skotvopn. Upptaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Ákærði áfrýjaði máli þessu í heild sinni til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 1. mgr. 149. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Af hálfu ákærvalds var málinu áfrýjað með stefnu 5. maí 1993.

Dómkröfur ákærvalds eru þær, að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæru og dæmdur til refsingar, sem verði þyngd frá því, sem ákveðið var í héraðsdómi, einnig, að staðfest verði niðurstaða héraðsdóms um upptöku þar greindrar haglabyssu, svo og, að ákærði verði dæmdur til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð 150.000 krónur, til Gísla Pálmasonar.

Ákærði krefst sýknu af öllum kröfum ákærvalds, þ. m. t. af skaðabótakröfu, til vara, að hann verði dæmdur í vægustu refsingu, sem lög framast leyfa, og að skaðabótakrafa verði lækkuð.

Fallast ber á það mat héraðsdómara, að ákærði hafi ekki nýtt öll tiltæk úrræði til þess að stugga hundinum burtu og verja þannig fé sitt, áður en hann greip til þess örprifaráðs að skjóta hann með haglabyssu sinni. Einnig er á það að líta, að eigi er fullljóst, að fé ákærða hafi í raun verið hætta búin af atferli hundsins. Fallast ber því á það með héraðsdómara, að ákærði hafi brotið gegn 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 svo og gegn 9. gr. laga nr. 21/1957 um dýravernd. Ákærði hafði ekki tilskilið leyfi til byssunnar og braut því gegn 1. mgr. 14. gr. laga nr. 46/1977 um skotvopn o. fl. Hann hleypti af skotum á almannafæri og braut því einnig gegn 4. mgr. 20. gr. sömu laga.

Við mat á refsinsæmi verknaðar ákærða ber að hafa hliðsjón af því, að hundsins var illa gætt af hálfu eigenda sinna, sem létu hann

hlaupa lausan um á almannafæri innan bæjarmarka Blönduóss, þar sem lausaganga hunda er bönnuð samkvæmt d-lið 2. gr. samþykktar nr. 249/1974 um hundahald í Blönduóssshreppi. Þá ber og að hafa hliðsjón af því, að um var að ræða veiðihund, sem fór laus um afgirt tún ákærða, þar sem ær hans voru á sauðburðartíma með nýbornum lömbum. Leitt er í ljós, að hlaup hundsins um þetta svæði olli usla í fénu, og var því ekki alveg ástæðulaus ótti ákærða um, að hundurinn kynni að verða fénu skaðlegur. Má ætla, að fljót-ræði hans, er hann greip til byssunnar og skaut hundinn, hafi af þessu stafað. Enn fremur ber að taka tillit til þess, sem í héraðsdómi greinir, að ákærði hefur eigi áður brotið gegn almennum hegningar-lögum eða sérrefsilögum þeim, sem ákæra lýtur að.

Þegar allt framangreint er virt, þykir rétt með vísan til 74. gr. almennra hegningarlaga, einkum 1. og 4. tl. 1. mgr., sbr. 2. mgr., að refsing ákærða falli niður.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um upptöku haglabyssu ákærða nr. 328134 til ríkissjóðs.

Skaðabótakrafa Gísla Pálmasonar, eins og hún var sett fram í héraði, var ekki nægilega reifuð, til þess að dómur yrði á hana lagður. Ber að vísa henni ex officio frá héraðsdómi.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað. Dæma ber ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Refsing ákærða, Ólafs Gunnars Sigurjónssonar, fellur niður. Framangreind óskráð haglabyssu ákærða er gerð upptæk. Skaðabótakröfu Gísla Pálmasonar er vísað frá héraðsdómi. Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eru staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Svölu Thorlacius hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands vestra 21. mars 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 3. mars sl., er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 26. ágúst 1992, á

hendur Ólafi Gunnari Sigurjónssyni, Sólvangi, Blönduósi, fæddum 26. júní 1920, fæðingarnúmer 746, „fyrir eignaspjöll, brot á dýraverndarlögum og ólöglega meðferð skotvopns með því að hafa að kvöldi föstudagsins 28. maí 1992, þar sem ákærði var staddur á Svínvetningabraut innan bæjarmarka Blönduóss, skotið tveimur skotum úr óskráðri haglabyssu sinni að hundinum Spora af írsku setter-kyni, eign Gísla Pálmasonar. Hljóp hundurinn um tún norðan við veginn, og lentu skotin á honum með þeim afleiðingum, að hann fékk sár, sem leiddu hann til dauða nær samstundis.

Telst þetta varða við 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 3. mgr. 14. gr., sbr. 1. mgr. 18. gr. laga um dýravernd nr. 21/1957, 1. mgr. 14. gr. og 4. mgr. 20. gr., sbr. 34. gr. laga um skotvopn, sprengiefni og skotelda nr. 46/1977 og 1. mgr. 6. gr., sbr. 1. mgr. 78. gr. lögreglusamþykktar fyrir Austur-Húnavatnssýslu nr. 152/1941.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til að sæta upp-töku ofangreindrar haglabyssu samkvæmt 1. tölulið 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga og 35. gr. nefndra laga um skotvopn, sprengiefni og skotelda. Þá krefst nefndur Gísli Pálmason, kennitala 020462-6559, þess, að ákærði verði dæmdur til að greiða sér skaðabætur, að fjárhæð 150.000 krónur“.

Málavextir.

Um klukkan 22 föstudagskvöldið 28. maí 1992 kom Gísli Pálmason ásamt föður sínum, Pálma Gíslasyni, og dóttur sinni að Hnitbjörgum við Blönduós. Með í för var Spori, hundur Gísla, af írsku setter-kyni. Þegar Gísli er ásamt föður sínum að bera hluti inn í Hnitbjörg, losnar Spori úr gæslu dóttur Gísla. Hundurinn, sem var með ól um hálsinn, hleypur þá suður yfir Svínvetningabraut og inn á tún, sem þar eru. Þar eltir hann fugla um stund, en kemur svo til baka. Stuttu síðar sleppur hundurinn aftur. Virðist sem hann hlaupi þá í suðaustur og inn fyrir bæinn Kleifar og um tún þar, síðan niður að Blöndu og eltist við gæsir, sem þar eru. Á túni, sem er vestan við Kleifar, eltir hundurinn lambfé í eigu ákærða. Við skýrslutöku fyrir dómi kom fram, að ákærði var þarna með 10 til 12 full-orðnar ær ásamt lömbum í fjárheldri girðingu. Ekki kom styggð að öðru fé.

Ákærði, sem staddur var heima við Sólvang, sá hundinn hlaupa um túnið, þar sem ákærði var með kindur sínar. Ákærði hefur haldið því fram, að hundurinn hafi bitið í eitt lamb og hent því upp í loft. Vitnið Ellert Guðmundsson lýsti því, að það hefði séð hundinn hlaupa eitt lamb um koll, en kvaðst ekki hafa séð hundinn bita lambið. Þegar hér var komið, fór ákærði niður að túninu og tók haglabyssu úr bíl sínum og skaut hundinn tveimur skotum á u. þ. b. 30 metra færi. Hundurinn drapst ekki við fyrra skotið, og skaut ákærði þá aftur. Síðan tók hann hundinn og setti í bíl

sinn. Þá kom vitnið Gísli Pálmason að, tók hundinn af ákærða og bað hann að koma á lögreglustöðina, sem ákærði gerði. Vitnið Gísli fór með hundinn til Sigurðar Helga Péturssonar dýralæknis, sem kom hér fyrir dóm. Þegar þangað var komið, var hundurinn dauður. Ekki var farið fram á, að hundurinn yrði krufinn, en telja verður víst, að hann hafi drepist af skotsárum, enda bar vitnið Sigurður Helgi Pétursson, að hundurinn hefði sennilega drepist vegna innvortis blæðinga.

Niðurstaða.

Af framburði vitna og ákærða sjálfs er ljóst, að ákærði skaut hundinn Spora tveimur skotum, sem leiddu til þess, að hundurinn drapst.

Ákærði hefur haldið því fram, að hann hafi verið að verja sauðfé sitt fyrir ágangi skepnunnar. Hann hafi því fórnað minni hagsmunum fyrir meiri, og þetta leiði til þess með vísan til 12. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, að hann verði sýknaður af öllum kröfum í máli þessu. Ef hann verði ekki sýknaður, þá verði sér með vísan til 2. mgr. 12. gr. nefndra hegningarlaga ekki gerð refsing í málinu og bótakröfum vísað frá dómi.

Það er mat réttarins, að ákærði hafi ekki reynt allt það, sem honum bar, til að verja fé sitt, áður en hann greip til þess að skjóta dýrið. Ákærði bar, að hann hefði ekki reynt annað en kalla til hundsins, sem hlýddi ekki. Telja verður, að ákærða hafi borið að reyna til fulls, hvort ekki væri með öðrum hætti unnt að koma hundinum úr girðingunni. Við hagsmunamatið ber að hafa í huga, að ákærði var einungis með 10-12 fullorðnar ær með lömbum í fjárheldu hólfli og því fullvíst, að féð hefði lembt sig sjálf, eftir að hundurinn var á braut. Framburður ákærða þess efnis, að hundurinn hafi bitið eitt lamb, er ekki trúverðugur, þegar litið er til þess, að ákærði bar fyrir dóminum, að hann hefði ekki athugað, hvernig lambinu liði, eftir að hann hafði skotið hundinn. Verður því ekki séð, að hundurinn hafi verið eins hættulegur og ákærði hefur gefið í skyn.

Með háttsemi sinni hefur ákærði brotið gegn 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Í ákæru er ákærða gefið að sök að hafa brotið gegn 3. mgr. 14. gr. laga nr. 21/1957. Telja verður, að hér sé háttsemi ákærða ranglega færð til refsíákvæðis, enda á þessi grein við framkvæmdir lögreglustjóra. Hins vegar er rétt með vísan til 1. mgr. 117. gr. laga um meðferð opinberra mála að sakfella ákærða fyrir brot gegn 9. gr. áður-nefndra laga um dýravernd. Þá þykir einnig rétt að sakfella ákærða fyrir brot gegn 1. mgr. 6. gr., sbr. 1. mgr. 78. gr. lögreglusamþykktar fyrir Austur-Húnavatnssýslu nr. 152/1941. Ákærði hefur borið, að hann sé eigandi skotvopns þess, sem hann skaut hundinn með. Við meðferð málsins lagði hann fram gögn þess efnis, að byssan væri skráð. Hún er hins vegar ekki skráð á nafn ákærða, og var honum því óheimilt að nota vopnið.

Er því rétt með vísan til 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga að gera vopnið upptækt til ríkissjóðs.

Refsing ákærða, sem hefur ekki áður brotið gegn almennum hegningarlögum eða sérrefsilögum þeim, sem hér er ákært fyrir, þykir hæfilega ákveðin 50.000 kr. sekt til ríkissjóðs, en fimmtán daga varðhald komi í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Bótakröfu í málinu hefur ákærði mótmælt og krafist þess, að henni verði vísað frá dómi, enda sé hún vanreifuð. Fram hefur verið lagt vottorð frá Hundaræktarfélagi Íslands þess efnis, að hvolpar af þeirri tegund, sem um ræðir í máli þessu, séu seldir á 70.000 kr. Rétt þykir að leggja þessa fjárhæð til grundvallar við ákvörðun bóta til Gísla Pálmasonar, en frekari bótakröfum er hafnað.

Með hliðsjón af framanrituðu er allur sakarkostnaður felldur á ákærða, þar með taldar 60.000 kr. auk virðisaukaskatts til skipaðs verjanda síns, Árna Pálssonar hrl., og 40.000 kr. í saksóknarlaun til ríkissjóðs.

Halldór Halldórsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ólafur Gunnar Sigurjónsson, greiði 50.000 kr. í sekt til ríkissjóðs, en fimmtán daga varðhald komi í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með taldar 60.000 kr. auk virðisaukaskatts í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Árna Pálssonar hrl., og 40.000 kr. í saksóknarlaun til ríkissjóðs.

Ákærði greiði Gísla Pálmasyni 70.000 kr. í skaðabætur.